

Tunguskógur – deiliskipulag

Lóðir eru skilgreindar í samræmi við uppdrátt frá Tæknideild, loftmynd, blað Skógarbúa frá 1994 og fasteignamat.

Á uppdrætti frá Tæknideildinni eru lóðir nr. 32, 36 og 37 málsettar, þær eru látnar halda sér nákvæmlega. Lóðir 61 og 62 eru líka teiknaðar inn á uppdrát Tæknideildar, en er mikið ósamræmi er við uppgefið flatarmál á sama uppdrætti. Lóð 61 er því breytt í samræmi við flatarmál og lóð 62 er líka breytt, en nær þó ekki uppgefni stærð. Aðrar lóðir fylgja nokkurn veginn uppdrættinum með lagfæringum í samræmi við loftmynd og fasteignamat þar sem því er við komið.

Skv. þessum gögnum virðast eftirfarandi lóðir hafa verið sameinaðar:

4 og 9 sameinaðar 3

12 og 18 sameinaðar 13

29 sameinuð 39

26 sameinuð 36

27 sameinuð 37

28 sameinuð 38

29 sameinuð 39

30 sameinuð 40

56 sameinuð 57

Eins er spurning hvort 22 hafi verið sameinuð 19a (sýni 22 sem staka lóð en 19a er miklu minni en hún er gefin upp í fasteignamati)

Engir byggingarreitir skilgreindir á þeim lóðum sem aldrei hefur verið byggt og hafa ekki verið sameinaðar öðrum lóðum. Spurning hvort það eigi að vera heimilt að byggja á þessum lóðum, hvort þær eigi að vera áfram en án byggingarréttar eða felldar út. Nokkrar lóðir virðast þegar hafa verið felldar út þ.e.:

16, 17, 21, 23, 25, 33, 34, 35, 43, 45, 46, 49, 54, 59, 60

Milli lóðar 65 (Birkihlíð) og 65a (Fagrahlíð ??) myndast bil (merkt ?) upp á 1500m², spurning hvort þetta er lóð í dag og þá hugsanlega nr. 65 og að Birkihlíð hafi ekki númer.

Skúr virðist ná út fyrir lóð nr. 36 (nákvæm af uppdr. Tæknideildar), þyrfti kannski að mæla inn til öryggis eða breyta lóðarmörkum.

Sumarhús eru langflest undir 50 m². Stefna skipulagsins gæti verið að öll ný hús verði undir 50 m², skúrar yrðu undir 10 m² og aðeins einn á lóð, þ.e. innan byggingarreits.

Skipulagsmörk fylgja deiliskipulagi Tungudals og eignarhaldsmörkum.